

Sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára 2015 til 2018

Inngangur

Sjálfsmatsáætlun MS byggir á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu Menntaskólans við Sund. Hún er birt á heimasíðu skólans. Verkefnisstjóri um sjálfsmat er ráðinn til eins árs í senn. Starfshópur um sjálfsmat skóla stýrir sjálfsmatsvinnunni en í honum eru verkefnisstjóri, konrektor, skrifstofustjóri, þrír fulltrúar kennara og þrír fulltrúar nemenda. Sjálfsmatsáætlunin er endurskoðuð árlega.

Aðgerðaáætlun

Skólinn setur sér aðgerðaáætlun um helstu markmið á hverju skólaári og til hvaða aðgerða eigi að grípa til að ná þeim. Aðgerðaáætlun er kynnt á skólafundi eða starfsmannafundi í upphafi haustannar og birt á heimasíðu skólans.

Sjálfsmatsáætlun

Á sviði sjálfsmats er árlega sett fram aðgerðaáætlun þar sem koma fram markmið sem sérstök áhersla er lögð á hverju sinni og aðgerðir tilgreindar sem nota á til þess að ná þeim. Sjálfsmatsáætlun er birt á heimasíðu skólans.

Nemendakönnun

Könnun á gæðum náms og kennslu verður lögð fyrir alla nemendur skólans á Námsnetinu á hverju skólaári. Nemendakönnunin er nú tvískipt, Í sumum áföngum fer matið fram í nóvember en í öðrum áföngum í apríl. Heildarniðurstaðan er kynnt á heimasíðu skólans. Niðurstöður hvers kennara og samanburður við heildina eru birtar kennurum á Námsnetinu eftir annarlok.

Starfsmannaviðtöl rektors

Rektor tekur alla nýja starfsmenn í starfsmannaviðtöl á hverri vorönn. Starfsmannaviðtöl verða við starfsmenn í völdum deildum á haustönn 2015 og 2016. Aðrir starfsmenn geta pantað starfsmannaviðtöl hjá rektor eftir þörfum.

Starfsmannakönnun

Á vorönn er árleg könnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans. Þar er spurt um líðan í starfi, starfsskilyrði og afstöðu til málefna sem efst eru á baugi innan faga og í stefnumótun skólastarfsins hverju sinni. Könnunin er tvískipt, fyrst spurningar fyrir alla starfsmenn og síðan spurningar sem eingöngu eru ætlaðar kennurum. Niðurstöður könnunarinnar eru kynntar á starfsdögum í upphafi næsta skólaárs. Tekið er mið af niðurstöðum þessarar könnunar í aðgerðaáætlun skólaársins.

Mat á stjórnendum MS

Á vorönn er árleg könnun lögð fyrir starfsmenn MS þar sem þeim gefst kostur á að meta gæði stjórnunar í skólanum. Lagt er mat á störf rektors, konrektors og kennslustjóra og niðurstöður sendar til viðkomandi stjórnanda.

Námsárangur nemenda

Í lok hvernna annar eru teknar saman niðurstöður (meðaltal, dreifing og staðalfrávik) um námsárangur nemenda í skólanum í heild, í hverjum námsáfanga og hverjum bekk eftir námsgreinum, og eftir kyni í hverjum námsáfanga. Einnig eru teknar saman tölur um fall í aðaleinkunn eftir bekkjum og námsárum. Niðurstöður eru ræddar á fagfundum í janúar og maí og síðan á kennarafundum í kjölfarið. Þar er m.a. farið yfir niðurstöðurnar í greininni og

samanburður gerður við fyrri ár og skyldar greinar. Þá er rætt hverju hægt er að breyta til að auka námsvirkni nemenda, hverju þarf að breyta til að bæta námsárangur þeirra nemenda sem verst eru staddir í námsgreininni, hvernig hægt er að auka samráð við nemendur og hvernig nýta má Námsnetið til að auka ábyrgð nemenda á námi sínu. Ennfremur ræða umsjónarkennarar niðurstöður haustannarprófa í sínum umsjónarþekki í byrjun vorannar.

Starfendarannsókn

Starfshópur um rannsókn á eigin starfi hefur að markmiði að gefa starfsfólki tækifæri til að bæta sig í starfi og þróa starfshætti sína með því að gera starfendarannsókn, ígrunda starf sitt og fara í jafningjamat. Hver starfsmaður skoðar afmarkaðan þátt í starfi sínu, safnar gögnum með ýmsum aðferðum, heldur dagbók og fundar með hópnum. Starfendarannsóknarhópur hóf starf í MS haustið 2005. Hópurinn hefur utanaðkomandi faglegan ráðgjafa.

Fundur sjálfsmatshóps með bekkjartenglum

Sjálfsmatshópurinn heldur árlega fund með bekkjartenglum allra bekkja skólans. Þar er rætt um hugmyndir um það sem má bæta í skólastarfinu og í skólanum yfirleitt. Stjórnendur fara yfir hugmyndirnar og rektor setur fram lista yfir viðbrögð skólans við þeim hugmyndum. Því plaggi er síðan dreift til bekkjartengla ásamt fundargerð fundarins.

Fundur stjórnenda og kennara faggreina

Stjórnendur halda fundi með kennurum í völdum faggreinum á haustönn 2015, haustönn 2016 og haustönn 2017. Á þessum fundum er rætt við kennara um starfið í deildinni og nýjungar í starfinu. Markmiðið er að efla tengsl stjórnenda og kennara og ræða styrkleika og veikleika í skólastarfinu.

Heimsóknir rektors og konrektors í bekki

Á hverri haustönn fara rektor og konrektor í heimsókn í alla bekki á 1. og 2. námsári. Á hverri vorönn fara rektor og konrektor í heimsókn í alla bekki á 3. og 4. námsári. Þar er rætt um valda þætti í skólastarfinu og leitað eftir viðbrögðum nemenda og spurningum þeirra svarað.

Starfshópar

Innan MS eru starfandi ýmsir starfshópar sem vinna að því að bæta skólastarfið. Verkefnisstjóri stýrir starfi hvers hóps og þar eru fulltrúar kennara og annarra starfsmanna og í sumum þeirra einnig fulltrúar nemenda. Eftirfarandi starfshópar starfa á haustönn 2015: stýrihópur og rýnihópur starfsmanna um nýja námskrá, heilsueflandi MS, sjálfsmatshópur, vinnuumhverfisnefnd og nafnanefnd.

Hugmyndabanki

Hugmyndabanki var stofnaður á Námsnetinu 2013 þar sem nemendur og starfsmenn geta sett fram hugmyndir um það sem má bæta í skólastarfinu. Einnig er hugmyndakassi í einu af lokuðu hólfunum í U-inu á 2. hæð. Hugmyndabankinn er kynntur með tölvupósti til nemenda og á fundi með bekkjartenglum.

Rýnihópur nemenda um nýja námskrá

Á haustönn 2015 verður stofnaður rýnihópur nemenda á fyrsta námsári um nýja skólanámskrá MS sem í sitja einn fulltrúi úr hverjum bekk á 1. námsári. Markmiðið er að skapa umræðuvettvang við nemendur um nýja námskrá og framkvæmd hennar og gefa nemendum tækifæri til láta í ljós skoðun sína á skipulagi og innihaldi nýrrar Ratsjár.

Sjálfsmat nemenda

Könnun verður lögð fyrir nemendur á vorönn 2016 þar sem nemendur meta námsvirkni sína og þátttöku í náminu í kennslustundum og heimanámi.

Guli dagurinn – Valdagur nemenda

Móta leið til að meta upplýsingagjöf til nemenda og forráðamanna um gula daginn (valdaginn).

Sjálfsmatsáætlunin er endurskoðuð árlega.